

Í FRÉTTUM ER

ÞETTA HELST

MAÍ



ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Haldin var örráðstefna um fýsileika almenningssamgangnar á Norðurlandi vestra. Meðal annars var kynnt skýrsla um efnið sem unnin var af Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri. Verkefnið var styrkt úr byggðaáætlun.



FJARSKIPTA-ÁÆTLUN

Haldinn var fjölsóttur samráðsfundur um fjarskiptamál í samvinnu við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Fundurinn var liður í vinnu við nýja fjarskiptaáætlun



FUNDUR MEÐ UAR

Stjórn SSNV fundaði með umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um Landsáætlun og skarðan hlut landshlutans í síðustu úthlutun.




NÝSKÖPUNARVIKAN

SSNV var þátttakandi í Nýsköpunarvikunni í samvinnu við SSNE. Haldnir voru fjölmargir viðburðir sem kynntu nýsköpun á Norðurlandi í breiðu samhengi. Auk þess var sett upp hugmyndaþorp á vefnum þar sem áhersla var lögð á hugmyndir tengdum fullvinnslu afurða.



HLAÐVARPS-ÞÆTTIR

Í hlaðvarpsþáttum mánaðarins var spjallað við Kristinn Gísla Jónsson, landsliðskokk og Sigrúnu Helgu Indriðóttur, bónda, listamann og smáframleiðanda.



MÁLSTOFA UM FJÖLMIÐLA

SSNV var aðili að málstofu um fjölmiðla og landsbyggðir þar sem fjallað var um vægi og birtingarmynd íbúa landsbyggðanna í fréttu- og dagskrárefni.



SKRIFSTOFAN FLYTUR

Aðalskrifstofa SSNV sem staðsett er á Hvammstanga flutt í glæsileg húsakynni í húsnaði Landsbankans.



BARNA-MENNING

Kynnt var barnamenningarhátíð sem haldin verður í fyrsta sinn á Norðurlandi vestra í október. Hefur hátíðin fengið nafnið Skúnaskrall. Er verkefnið áhersluverkefni Sóknaráætlunar landshlutans en hefur auk þess fengið styrk úr Barnamenningarsjóði og Samfélagssjóði Landsvirkjunar.



ÚTIBÚIÐ KYNNT

Útibúið - skrifstofusetur á Hvammstanga var kynnt. Er það staðsett í húsnaði Landsbankans á Hvammstanga. Þar geta aðilar sem vinna störf án staðsetningar leigt sér fullkomna vinnuástöðu. Verkefnið er áhersluverkefni Sóknaráætlunar Norðurlands vestra.



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA

2021

FYRIR NORÐURLAND VESTRA